

Nd.

357. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndinni hafa borizt fjögur frv. um breytingar á alþýðutryggingalögnum, en henni hefir eigi unnizt timi til afgreiðslu þeirra. Við álitum nauðsynlegar breytingar á þessari löggjöf, og teljum rétt að leggja til grundvallar frv. það, sem hér liggur fyrir og flutt er af sjálfstæðismönnum.

Aðalbreytingar þær, sem þetta frv. gerir á löggjöfinni, eru þessar:

1. Lagfærð eru ákvæðin um dánarhætur eftirlifandi hjóna og foreldra.
2. Gjaldskylda til ellitrygginga er miðuð við 60 ára aldur, í stað 67 ára.
3. Ellilaunum skal úthlutað við 65 ára aldur; þó skulu þeir, sem orðnir voru 60 ára, er lögín komu í gildi, eiga rétt til ellilauna.
4. Gjöld til ellitrygginganna eru lækkuð úr 6 og 7 krónum niður í 5 krónur í kaupstöðum og kauplúnum, og úr 5 krónum niður í 3 krónur alstaðar annarsstaðar. Ennfremur greiðist aðeins $\frac{1}{2}$ af hundraði af skattskyldum tekjum, í stað 1% eftir lögnum.
5. Vextir ellistyrktarsjóða hreppanna skulu teljast sem framlag sveitarfélaganna, og úthlutast sveitarstjórnnum, en lifeyrissjóður leggi fullt á móti.
6. Lifeyrissjóður embættismanna og barnakennara skulu halda sér sem sjálfstæðar stofnanir.

Allar þessar breytingar teljum við æskilegar og nauðsynlegar, enda er vitað, að mikill hluti þjóðarinnar er þeim eindregið fylgjandi. Við teljum ennfremur nauðsynlegar frekari breytingar á sjúkratryggingunum, og munum við síðari umræður málsins bera fram breytingartillögur þar að lútandi.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.
frsm.